

EFTIRLITSSKÝRSLA

OLÍUBIRGÐASTÖÐ OLÍUDREIFINGAR Á NESKAUPSTAÐ (2)

Dagsetning	21. júní 2011	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf.	Starfsleyfi, gildir til	31. janúar 2027
Heimilisfang	Gelgjutanga við Kleppsmýrarveg	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660695-2069	Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson Þórarinn Oddsson
Isat nr.	63.40	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N65 08,481 V13 44,175
Starfsemi	Önnur flutningamiðlun		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust. Engin athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Neskaupstað2 (áður Íslensk olíumiðlun), farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Olíudreifing hefur í notkun skráningarblað (svokallað mánaðarblað) sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum. Rekstrarhandbók í góðu lagi.

Við eftirlit var vatnsstaða í olíuskilju óvenju há, eins og ekki rynni almennilega frá stöðinni. Eftir að gert hafði verið við fráveituna var frárennsli olíuskilju prófað með olíuprófi Macherey Nagel. Ekki greindist olía í frárennslinu.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Einn geymir er í stöðinni undir MD-olíu. Geymirinn var botnþykktarmældur árið 2004 og styrktur árið 2009 þegar Olíudreifing ehf. keypti stöðina. Löndunarlögn og afgreiðslulögn á milli stöðvar og bryggju voru þrýstiprófaðar á síðasta ári (2010). Geymir og lagnir í góðu lagi.

Gengið var um stöðina, geymir skoðaður svo og lekavarnir (pró) og olíuskilja. Áfyllingarplan var svo og skoðað. Girðingar og hlið voru í lagi.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik:

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust.

Athugasemdir:

Engar athugasemdir voru gerðar við stöðina.

Reykjavík, 20/09/2011

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.